

Nd. **486. Breytingartillögur** [173. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl., og breyt. á l. nr. 15 21. maí 1964, um breyt. á þeim lögum.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 2. gr. Við greinina bætist 2 nýir liðir, svo hljóðandi:

- a. 41 Að endurgreiða þeim, sem byggja í fyrsta skipti íbúð fyrir sig og fjölskyldu sína, aðflutningsgjöld af innfluttu byggingarefni, sem til byggingarinnar þarf. Hámarksupphæð endurgreiðslunnar skal miðuð við efnisþörf til íbúðar að stærð 360 m³. Um endurgreiðsluna skal að öðru leyti farið eftir reglum, er fjármálaráðuneytið setur.
- b. 43 Að endurgreiða gjöld af dísilvélum, sem ætlaðar eru til raforkuframleiðslu.